

## Klipping

BHS - MMKF06

Veljið eitt atriði af þessum tíu (<https://youtu.be/bQtkbQkURCI>) og útskýrið í stuttu máli hvað ykkur finnst áhrifaríkt við atriðið og hvernig klippingin kemur þeim áhrifum til skila.

Atriðið sem ég valdi mér er tekið úr myndinni Arabía Lawrence (Lawrence of Arabia). Leikstjóri myndarinnar var David Lean og myndin er gerð eftir handriti T.E. Lawrence. Anne Coates sá um að klippa myndina. Á meðal leikara eru Peter O'Toole, Alec Guinness, Omar Sharif og Anthony Quinn. Myndin var tekin á árunum 1961 og 1962 og hún var frumsýnd í kjölfarið. Árið 1963 var hún tilnefnd til tíu Óskars verðlauna og hlaut hún sjö af þeim.

Myndin er sannsöguleg og byggð á minningum höfundarins T.E. Lawrence, en hann var enskur liðsforingi sem barðist með Arabum gegn Tyrkjum í fyrri heimsstyrjöldinni. Myndin er ógleymanleg þeim sem hafa séð hana og er hún talin lýsa vel menningu og sögu frá árum fyrri heimsstyrjaldarinnar í Austurlöndum nær.

Atriðið sem fjallað verður um hér hefur verið kallað „the match cut“ eða eldspýtu klippan og það er hægt að skoða með því að smella á þessa slóð:

<https://www.youtube.com/watch?v=uE0DBpw09SU>

Atriðið hefst þar sem tveir tígulegir menn eru að tala saman. Sá til vinstri er klæddur borgaralegum fötum, en sá til hægri er Lawrence leikinn af Peter O'Toole og hann er klæddur að hætti breskra hermanna á eyðimerkursvæðum. Þeir eru staddir í herbergi sem búið er faguðum húsgögnum og listmunum að hætti Araba í Austurlöndum nær. Myndin er tekin þannig að báðir mennirnir sjást í fullri líkamsstærð og herbergið sem þeir eru í sést vel. Litirnir eru dempaðir og inn um tvo glugga kemur dauf birta. Einungis raddir þessara tveggja manna heyrast, það er engin tónlist spiluð undir. Mennirnir eru að tala saman og sá í borgaralegu klæðunum er að lýsa eyðimörkinni fyrir Lawrence. Sá borgaralega klæddi gengur að borði sem er í forgrunni herbergisins og opnar þar fallegan viðarkassa og tekur vindil upp úr honum. Lawrence gengur þá að borðinu og tekur upp eldspýtustokk af borðinu um leið og hann hefur að orði að þetta eigi eftir að verða gaman. Hreyfingar mannanna eru hæggar og virðulegar og gera sitt til að gefa atriðinu þann blæ sem húsgögn og listmunir undirstrika.

Þá er klippt og nærmynd af mönnunum tveimur sýnd þar sem þeir standa við borðið. Sá borgaralega klæddi dregur í efa að eyðimerkurferð eigi eftir að verða skemmtileg og hann segir að fyrir venjulega menn þá sé hún brennandi eldofn. Lawrence kveikir á eldspýtunni með hægri tignarlegri hreyfingu og ber eld að vindli hins mannsins og hefur að orði um leið að þetta eigi eftir að verða gaman. Á bak við mennina tvo er arabískt listaverk þar sem sólin þekur stóran hluta myndflatarins. Eftir að hafa borið

eld að vindli mannsins í borgaralegu klæðunum, lyftir Lawrence handlegg sínum upp í augnhæð með hægri tígulegri hreyfingu. Eldur logar enn á eldspýtunni og Lawrence dregur ermina af jakkanum sínum upp að olnboga með hreyfingu sem minnir á tignarlegan dans. Borgaralegi maðurinn hefur þá að orði að það sé vel ljóst að Lawrence hafi skemmtilegt skopskyn (a funny sense of fun). Og þá er klippt.

Í næstu klippu er nærmynd af karlmannlegum vanga Lawrence sem fyllir út í myndarammann hægra megin. Fyrir framan hann er hönd hans með eldspýtunni, sem hann lyftir rólega upp. Bros færast yfir andlit hans og með tilþrifum blæs hann á eldspýtuna og þá kemur hin fræga eldspýtuklipping inn í næsta atriði.



Arabíu Lawrence blæs á tígullegan hátt á eldspýtuna, rétt áður en klippt er yfir í víðmynd af eyðimörkinni.

Klippt er í víða mynd af eyðimörk í suður Jórdaníu, sem er böðuð í roðagylltri morgunsól. Seiðandi arabísk tónlist er spiluð lágvært undir og smátt og smátt hækkar hún. Um leið rís sólin upp yfir sjóndeildarhringinn. Tónlistin brestur í fagnandi tónverk þar sem heil symfóníuhljómsveit spilar. Eg þekki ekki þetta tónverk en það minnir á verk eftir Rafael sem eru í bland með austrænum og vestrænum blæbrigðum. Það er eins og tónlistin endurrómi þann fögnuð sem sólarupprisan gefur. Þegar sólin er að rísa upp yfir sjóndeildarhringinn er enn og aftur klippt og að þessu sinni yfir í atriði þar sem sér yfir sandöldur eyðimerkurinnar. Sólin baðar umhverfið ljósi og fallegu eyðimerkurlitirnir njóta sín vel. Í fjarska sést einhver hreyfing sem berst nær og þá kemur í ljós að þetta eru menn á úlföldum.

Í eldspýtuklippingunni frægu eru tvö ólík skot tengd saman með sama fyrirbæri: Eldinum. Í aðdragand eldspýtuklippunnar talar maðurinn í borgaralegu klæðunum um að eyðimörkin sér brennandi eldhaf og Lawrence tendrar eld með eldpýtunni. Í næstu klippu slekkur Lawrence á eldspýtunni með því að blása á hana og í kjölfarið kemur klippan með rísandi eyðimerkursólinni. Hljóheimurinn setur svo sitt mark á þessar þrjár klippur, í þeirri fyrstu heyrast eingöngu virðulegar raddir mannanna tveggja, í

næstu klippu kemur blásturinn þegar Lawrence slekkur á eldspýtunni og síðan magnþrungin tónlistin sem eykur áhrif sólarupprásarinnar í þeirri þriðju. Vart er hægt að hugsa sér einfaldari og glæsilegri aðferð við að klippa en þarna er gert.

Reykjavík 13. september 2016  
Sigurlaug Kristmannsdóttir